

Nafn: _____ Einkunn _____


1. (25%) Smíðaðu jafnhliða þríhyrning með geogebra.

Verkefni á bls. 19 – 20 í GeoGebra.










a) Opnaðu nýja GeoGebruskra.


b) Veldu Sýn - Einfaldur rúmfræðigluggi.

Vistaðu skrána undir nafninu jafnhlid_nafn. Skilakassi er á moodle.



Smíðuferli


1		Línustrik AB .
2		Gerið hring með miðju A í gegnum B .
3		Gerið hring með miðju B í gegnum A . <u>Ábending:</u> Dragðu til punktana A og B til að kanna hvort hringurinn er tengdur þeim.
4		Finndu skurðpunkta hringjanna og merktu annan þeirra C .
5		Búið til þríhyrning ABC rangsælis.
6		Felið hringina.
7		Sýnið innri horn þríhyrningsins. <u>Ábending:</u> Hafi marghyrningurinn verið búinn til réttisælis, koma ytri horn!
8		Vistið myndsmíðina.
9		Beitið dragprófi, til þess að kanna hvort rétt hafi verið staðið að verkinu.



GeoGebra – Hjálparmyndband – Dæmi 1. Skannaðu kóðann

2. (25%) Smíði reglulegs sexhyrnings á bls. 25 – 26.

Opnaðu nýja GeoGebruskrá.
 Vistaðu skrána undir nafninu marghyrn_nafn.
 Skilakassi er á moodle.




Smíðuferli

1		Teiknið hring a með miðju í A gegnum punkt B .
2		Teiknið annan hring b með miðju B gegnum punkt A .
3		Finnið skurðpunkt hringjanna til að finna hornpunkta C og D .
4		Teiknið nýjan hring e með miðju í C gegnum punkt A .
5		Finnið skurðpunkt hans og fyrsta hringsins til að fá hornpunkt E .
6		Teiknið nýjan hring með miðju í D gegnum punkt A .
7		Finnið skurðpunkt hans og fyrsta hringsins til að fá hornpunkt F .
8		Teiknið nýjan hring með miðju í E gegnum punkt A .
9		Finnið skurðpunkt hans og fyrsta hringsins til að fá hornpunkt G .
10		Teiknið sexhyrninginn $FGECBD$.
11		Felið hringina.
12		Mælið horn sexhyrningsins.
13		Framkvæmið dragpróf til að kanna hvort myndsmíðin er rétt.

3. (20%) Í $\triangle ABC$ er $A = 32^\circ$ og $B = 110^\circ$.

a) (12%) Teiknaðu h_a og h_c og **reiknaðu** hornið á milli þeirra.



b) (4%) Reiknaðu út hornið milli V_B og b .

c) (4%) Reiknaðu út hornið á milli h_c og a .

4. (30%) Í þríhyrningnum CDE er hliðin AB samsíða hliðinni ED.
Hliðin $x = DE$, $y = BE$ og $z = DC$.
Reiknaðu lengdina á x , y og z .

